

En memoria de ellos

Los poetas poetas
mueren en vida o se suicidan
o se entregan al virus de las tres iniciales
o abren las puertas al cangrejo que camina de lado
y los devora internamente como si fuera un gran amor.
Los poetas poetas,
los que desprecian las certezas,
los aguafiestas, los que visten tan mal,
son los que eligen arder como en la alquimia
para crear los mundos imposibles
que sustituyan la sonrisa forzada,
la mediocre metáfora,
el premiecito que los compra,
la otra mejilla puesta para la bofetada
del que administra las medallas y el hambre.
Los poetas poetas se arriesgan al olvido,
la peor de las muertes.

Í minningu þeirra²

Ó þið skáld skáldanna
sem deyð ung eða takið eigið líf
gefist upp fyrir þriggja stafa veirunni
opnið dyrnar svo krabbinn nær að skáskjóta sér inn
að eyða ykkur innan frá eins og stóra ástin.
Ó þið skáld skáldanna,
sem fyrirlítið fullvissu,

1 Hólmfríður Garðarsdóttir og Linda Vilhjálmsdóttir þýddu.

2 Þýðingin birtist í *Contracorriente*, Salamanca: Diputación de Salamanca, 2017, bls. 63.

þið töturklæddu spellvirkjar,
sem kjósið blossa gullgerðarinnar
til að skapa draumaheima
í stað uppgerðar,
ófullburða myndlíkinga,
verðlauna sem öllu stjórna,
hins vangans sem boðinn er
þeim sem ræður viðurkenningum og hungri.
Ó skáld skáldanna, þið sem hættið á gleymsku,
hinn versta dauða.